



Reglur Skagafjarðar um úthlutun sérstakra hvatapeninga

1. gr.

Tilefni

Reglur þessar eru gefnar út til að samræmis sé gætt við úthlutun sérstakra hvatapeninga til barna frá tekjulágum heimilum til að auka jöfnuð til íþrótt- og tómstundastarfs. Hægt er að sækja um sérstaka hvatapeninga á grundvelli tekna og er þá miðað við heildartekjur s.l. þriggja mánaða í samræmi við tekjuviðmið sem Skagafjörður setur.

2. gr.

Inntak styrkveitingar

Öll börn 5-18 ára með skráð lögheimili í Skagafirði eiga rétt á sérstökum hvatapeningum að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglum þessum. Til þess að öðlast rétt til sérstakra hvatapeninga er horft til tekna foreldra/forráðamanna, bæði þeirra sem eru einstæð og í sambúð, sem grundvallast á staðfestu staðgreiðslufirliti síðustu þriggja mánaða sem og nýjasta skattframtali. Notuð eru sömu tekjuviðmið og eru fyrir viðbótarniðurgreiðslu dvalargjalda og er þá stuðst við viðmiðið fyrir 20% niðurgreiðslu, sjá gjaldskrá um tekjuviðmið vegna viðbótarniðurgreiðslna.

Styrk skal greiða vegna útlagðs kostnaðar við íþrótt- og tómstundastarf allt að 20.000 kr. fyrir hvert barn á ári. Skilyrði er að búið sé að nýta almenna hvatapeninga. Ónýttir sérstakir hvatapeningar flytjast ekki á milli ára.

Íþrótt- og tómstundastyrkir eru veittir vegna þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi, s.s. hjá aðildarfélögum UMSS, Tónlistarskóla Skagafjarðar, skátum o.fl. Ekki er heimilt að nýta íþrótt- og tómstundastyrk til greiðslu á tækjum, búnaði, fatnaði og ferðum. Sjá nánar í reglum um hvatapeninga.

3. gr.

Umsókn

Áður en hægt er að sækja um sérstaka hvatapeninga þarf að vera búið að skrá barn í íþrótt- og tómstundastarf og þurfa kvittanir fyrir útlögðum kostnaði að fylgja með umsókn. Foreldrar/forráðamenn sem óska eftir sérstökum hvatapeningum skulu sækja um þær í gegnum Íbúagátt Skagafjarðar og skulu umbeðin gögn sbr. 1. gr. fylgja umsókn áður en hún er tekin til efnislegrar afgreiðslu. Umsókn skal berast til sveitarfélagsins fyrir 31. desember og skal miða við að íþrótt- og tómstundaiðkunin hafi farið fram á sama ári.



4. gr. Málsmeðferð

Umsókn eru afgreidd og niðurstaða kynnt umsækjanda svo fljótt sem unnt er. Ef umsókn er hafnað fær umsækjandi skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti.

5. gr. Gildistaka

Reglur þessar, tengjast beint reglum um hvatapeninga. Þær eru settar inn sem tímabundið verkefni til tveggja ára og skulu endurskoðaðar fyrir lok árs 2027.

Reglur þessar gilda til 31. desember 2027.

Samþykkt í félagsmála- og tómstundanefnd 23.03.2026, byggðarráði 20.04.2026 og staðfest í sveitarstjórn 22.04.2026.